



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

SAMÞYKKT VEGNA ÁHRIFA MIÐSTÝRINGAR Á SKÓLASTARF OG MÓTUN NÁMSMATS

Sjöundi aðalfundur FG 17. - 18. maí 2018 lýsir yfir áhyggjum af þróun námsmats og áhrifum Menntamálastofnunar (MMS) og einkafyrirtækja (eins og t.d. Mentor, Námfús, o.fl.) á það.

Fundurinn hvetur skólamálanefnd til að fjalla um aðkomu Menntamálastofnunar og áhrif einkafyrirtækja á mótun námsmats. Auk þess að ræða áhrif miðstýringar almennt á skólastarf í landinu.

Sjöundi aðalfundur FG beinir því til skólamálanefndar FG að hvetja MMS til aukins samráðs við kennara og til að efla fagleg vinnubrögð um skólastarf, námsmat og framsetningu þess.